

Nd. 88. Tillaga til þingsályktunar

um gjaldeyri handa innlendri iðju.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórn að hlutast til um það við gjald-
eyrisnefnd, að veittur verði nægur gjaldeyrir handa innlendri iðju, svo ekki þurfi
þar að draga úr framleiðslunni og fækka fólki. Álitur deildin, að fyrr en gripið sé til
slikra óyndisúrræða, sem hefta framleiðslu íslenskra iðnaðarvара, beri að stöðva inn-
flutning þeirra erlendra iðnaðarvара, sem hægt er að framleiða í landinu, en beita
þá auðvitað um leið ákvæðum laga um verðlag á vörum, til að hindra verðhækkun á
innlendu iðnaðarframleiðslunni, ef hætta væri á henni.

Greinargerð.

Sökum gjaldeyrisvandræðanna vofir yfir minnkun á innflutningi hráefnis til ís-
lenskrar iðju. Af slikri takmörkun myndi leiða atvinnumissi fyrir fjöldann allan af
verksmiðjufólki. Hinsvegar eru erlendar iðnaðarvörur, sem framleiða mætti innan-
lands, fluttar inn í landið í allstórum stíl, meðan innlendi iðnaðurinn er að sligast
af hráefnaleyssi.

Þetta ástand getur ekki gengið, og því fer þessi þingsályktunartillaga fram á, að
innlendri iðju sé tryggður nægur gjaldeyrir, en innflutningur útlendu iðnaðarvar-
anna stöðvaður.